Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Ert þú áskrifandi að vikublaði verkafólks?

Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

28. tbl. Þriðjudagur 4.7. 1978 7. árg. verð kr. 100.-

Kreppa?

Fyrir nokkrum dögum uppgötvaðist það fyrir tilviljun að verið væri að henda fleiri vörubílförmum af tómötum á haugana, einnig kom það í ljós að töluverðu magni af gúrkum voru gerð sömu skil. Að sögn framkvæmdastjóra Sölufélags Garyrkjumanna (en þeir eru einokunaraðilar á þessum vörum.) Þorvalds Þorsteinssonar var þarna verið að henda framleiðslu sem niðursuðu verksmiðjan Ora gat ekki keypt og væri þetta algert neyðarúrræði. Hann sagði líka m.a. að offramboð væri á tómötum og ekki dygði að lækka verðið, því salan ykist aðeins um 5-10 %.

Ekki skal neinn undra þótt salan ykist ekki mikið við verðlækkunina, því rándýrir eru þeir engu að síður.

Við lestur viðtals við hann í Dagblaðinu þann 29/6 sl. læðist að manni sá lúmski grunur að þarna hafi verið um að ræða atburð sem nær aldrei á sér stað.

En staðreyndin er sú að þessum aðferðum er mjög oft beitt í gervöllum auðvaldsheiminum. Auðvaldsherrarnir gera þetta til þess að geta haldið verðinu uppsprengdu. Benda má á að það skeði fyrir nokkru síðan í Bandaríkjunum að ferðalangur átti leið framhjá sprungu. Og hvað sá hann í sprungunni? Miljónir af eggjum. Þegar var farið að athuga málið nánar kom í ljós að opinberir aðilar höfðu keypt þetta magn til að stórbændurnir gætu haldið verðinu uppi. Þetta á sér stað á sama tíma og hundruðir miljóna manna hrynja niður úr hungri og vannæringu. Eðlið leynir sér ekki öll meðul eru notuð til að auka gróðann. Rányrkja á sér stað á ýmsum sviðum, en síðan henda þeir stórum hluta framleiðslunnar til þess að halda verðinu sem hæstu. Þetta eru fyrstu einkenni vaxandi kreppu auðvaldsins. Í kjölfar offramleiðslunnar er miljónum verkamanna sagt upp, vélarnar þagna. Nóg er til af vörunni, en atvinnurekendurnir vilja ekki selja fyrr en þeir eru vissir um að fá hámarksgróða út úr vörunni.

Þetta ástand er ekki eitthvað sem við erum að búa til hér á síðum Stéttabaráttunnar, því nú í dag eru tugir miljóna manna atvinnulausir í hinum vestræna heima einmitt af þessum sökum.



Mynd þessi sýnir verkamenn úr bílaverksmiðju í Michican fyrir utan atvinnuleysisskrifstofu þar. Atvinnuleysi eykst hröðum skrefum í Bandaríkjunum, þó alveg sérstaklega í bílaiðnaðinum þar sem ríkt hefur offramleiðsluástand.



Tómatar á öskuhaugunum

Aðalfundur Dagsbrúnar

Loksins var aðalfundur Dagsbrúnar haldinn. Fundurinn hófst með því að skýrt var frá fjárhagslegri stöðu Dagsbrúnar. Fátt markvert var að finna í þessum reikningum og litlar sem engar umræður urðu um þá en þó kom það fram að fjárhagsstaða Dagsbrúnar hefur batnað eftir að breytt var um innheimtufyrirkomulag. Í almennum umræðum kom tillaga frá Kristvin Kristvinssyni um 500 þús. kr. framlag til verkfallsfólksins í Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, sem var samþykkt einróma. Þá kom tillaga frá Árna Jóhannssyni um að leitast verði eftir því að stofnað verði byggingarsamvinnufélag á vegum Dagsbrúnar. Árni sagði að húsnæðismálin hér í borg væru í miklum ólestri og skortur á húsnæði. Hann nefndi dæmi um að einn maður sem hann þekkti þurfti að borga 70 þús. kr. í leigu á mánuði, plús rafmagn og hita. Og svo þurfti hann að sjá fyrir konu og tveim börnum. Hann furðaði sig á því að ungu mennirnir í Dagsbrún skuli ekki hafa látið húsnæðismál meira til sín taka. Tillaga Árna var samþykkt.

Guðmundur J. Guðmundsson tók fyrir mótframboðið í Dagsbrún og reyndi að skýra út hvernig stjórnin hefði getað vísað því frá. Sagði hann að stjórn Dagsbrúnar hafi ákveðið að þeir sem réttinda nytu í félaginu væru þeir sem töldust fullgildir félagar 1976. Með þessu var auðvitað engum gert kleyft að bjóða fram gegn stjórninni, því enginn gat verið viss um hvort hann hafi verið fullgildur félagi í árslok 1976 eða hvort eitthvað hafi verið sem dæmdi þá á þeim tíma úr leik. Það gilti því engu þó menn væru fullgildir félagar samkvæmt reglum félagsins 1978, hvort þeir fengju að taka þátt í kosningu til stjornar félagsins.

Þetta er ekkert annað en ein önnur viðurkenning á að sú gagnrýni sem sett var fram um valdníðslu stjórnar Dagsbrúnar er réttmæt. Það sakar ekki að benda á það að aðstandendum framboðsins var meinað að fá þessa makalausu kjörskrá til að vinna eftir, hún var leynivopn stjórnarinnar.



Frá Dagsbrúnarfundi



Fundur herstöðvaandstæðinga á Lækjartorgi að lokinni Straumsvíkurgöngu 1977

Kosningarnar og SHA

Nú er kosningunum lokið og því rétt að athuga hvaða breytingar kosningarúrslitin geta boðað fyrir baráttu herstöðvaandstæðinga. Benda úrslitin til þess að Samtök Herstöðvaandstæðinga hafi náð árangri í baráttu sinni. Eða var herstöðvamálið ekki það sem kosið var um í Alþingiskosningunum og þá hvers vegna? Þetta er spurningar sem SHA eru að velta fyrir sér núna meðan beðið er eftir að stjórnmálaflokkarnir komi sér saman um stjórnarmyndun og málaefnasamning.

Það er öllum ljóst sem fylgdust með kosningabaráttunni að hermálið var síður en svo aðalmál kosninganna. Það er þó alveg víst að flestir þeir sem styðja hina svokölluðu verkalýðsflokka eru á móti veru bandaríska hersins hér. En forystulið þessara flokka er síður en svo tilbúið að taka tillit þess, vegna margskonar hagsmuna. Það eru því litlar líkur til þess að hermálið verði sá ásteytingarsteinn, sem það virtist vera fyrir kosningar. Þetta er sá veruleiki sem herstöðvaandstæðingar verða að vega og meta nú eftir kosningar.

EFNAHAGSLEGIR HAGSMUNIR.

Þeir flokkar sem greinilega hafa efnahagslega hagsmuni af veru hersins eru Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn. Þessir tveir flokkar og þá sérstaklega Sjálfstæðisflokkurinn hafa sterk efnahagsleg tengsl við herinn í gegnum þau fyrirtæki sem fjársterkir bakhjarlar þessara flokka eiga. Gróðasjónarmið ráða mestu um afstöðu þessara flokka. Þeir eiga stór fyrirtæki sem hafa mikla hagsmuni af viðskiptum sínum við herinn og engar líkur eru á því að þeir kæri sig um að missa þann mikla gróða. Þessir flokkar eru ekki líklegir til að leggja annað mat á veru hersins en eigið gróðasjónarmið, sem gert hefur kosningasjóði þeirra gilda um árabil.

Þeim er einnig hugsað til stórfyrirtækja SIS og SH í Bandaríkjunum, en hætt er við að staða þeirra myndi eitthvað raskast ef bandaríski herinn yrði rekinn héðan.

Framsóknarflokkurinn hefur þó lítilega myndast við að höfða til þeirra fjölmörgu herstöðvaandstæðinga sem styðja flokkinn. Í hægri stjórninni sviku þeir þó algjörlega þessa stuðningsmenn sína og vafalaust á það nokkurn þátt í útreið þeirra í kosningunum.

Framhald á síðu 2

LEIÐARI

Alþýðuflokkurinn boðar áframhaldandi kjaraskerðingar

Alþýðuflokkurinn birti síðast liðinn föstudag leiðara þar sem boðaðar eru áframhaldandi kjaraskerðingar undir forystu Alþýðuflokksins (og væntanlega í samstarfi við Alþýðubandalagið og Sjálfstæðisflokkinn). Í leiðaranum segir m.a. að "Alþýðuflokkurinn hefur aldrei dregið á það dul, að gerbreytt efnahagsstefna krefst stundarfórna." Það er einnig gefið í skyn að Alþýðuflokkurinn hafi engu lofað fyrir kosningarnar sem ekki er hægt að standa við. Ekkert er hins vegar minnst á það að Alþýðuflokkurinn og Alþýðubandalagið lofuðu báðir að ef þeir kæmust í stjórnaraðstöðu yrðu samningarnir aftur settir í gildi. Það er nú ljóst að ríkisstjórn verður ekki mynduð án þátttöku að minnsta kosti annars þessara flokka, en það er einnig ljóst að þeir ætla sér ekki og ætluðu sér reyndar aldrei að standa við loforð sitt um samningana í gildi.

Alþýðublaðið leggur í leiðara sínum mikla áherslu á það að "lykilatriðið er að hér verði komið á kjarasáttmála, traustu samstarfi milli ríkisvalds og launþegahreyfingarinnar. Síðan verði framkvæmd úttekt á hinum ýmsu þáttum efnahagslífsins. "Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir einfaldlega það að fyrst er að þagga niður í verkalýðshreyfingunni (og til þess ætla Alþýðuflokkurinn og Alþúðbandalagið að nota aðstöðu sina þar.) og síðan á að hrinda byrgðum efnahagsvandans yfir á herðar verkalýðnum. Og hvað á leiðara höfundurinn (VG) við með því sem áður er vitnað til, að gerbreytt efnahagsstefna krefjist stundarfórna? Hefur fólk ekki heyrt þetta oft áður? Er þetta ekki nákvæmlega það sem Geir Hallgrímsson sagði er bráðabirgðalögin voru sett í vetur? Jú það er svo, allt tal Alþýðuflokksmanna um gerbreytta efnahagsstefnu er ekkert annað en lýðskrum af lægstu gerð. Alþýðuflokkurinn og reyndar Alþýðubandalagið líka munu í grundvallaratriðum fylgja nákvæmlega sömu stefnu og fráfarandi stjórnarflokkar hafa fylgt. Þeirri stefnu að láta verkalýðinn strita áfram á sultarlaunum 10-16 tíma á dag. Kommúnistaflokkurinn benti á öll þessi atriði í málflutningi sínum fyrir kosningarnar. En vegna yfirburða lýðskrun flokkanna til að koma málflutningi sínum á framfæri við landsmenn tókst að mestu að kveða þessar raddir í kútinn í kosningarbaráttunni. Það sem nú blasir við verkalýðnum eru áframhaldandi kjaraskerðingar svik og aðgerðaleysi verkalýðsforystunnar. Verkalýðsstéttin verður þess vegna að taka upp sjálfstæða baráttu, bæði gegn uppkeyptum handbendum þeirra innan ASÍ og Verkamannasambandinu. Nú þegar er til vísir að slíkri andstöðuhreyfingu innan Dagsbrúnar og einnig eru verkalýðsforingjar ýmissa smærri verkalýðsfélaga úti á landi ekki tilbúnir að fallast orðalaust á svik ríkisvaldsins. Þessa andstöðu þurf verkamenn að treysta og það gera þeir best með þátttöku í baráttunni. Kommúnistaflokkur Íslands hvetur allt verkafólk til að fylkja sér til baráttu geg borgarastéttinni og ríkisvaldi hennar, undir fána stéttabaráttunnar. Engan undanslátt- krafan er lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku.

Rauða Stjarnan Bókabúð

Rauða Stjarnan opnar nú aftur eftir að breytingar hafa verið gerðar á búðinni. Opin alla virka daga 15.30-18.30

Kosningarnar og SHA

Framhald af forsíðu

Fólk er síður en svó ánægt með það stefnuleysi sem fram hefur komið hjá Framsóknarflokknum í þessu máli sem og öðrum.

Þeir flokkar sem ekki virðast eiga beinna hagsmuna að gæta eru Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag. Þó verður að taka afst. Alþýðuflokks með fyrirvara vegna þess að hann hefur um langan tíma byggt tilveru sína á fé frá NATO sinnum. Það eru því allar líkur á því að peningasjónarmið ráði miklu um afstöðu forystuliðs flokksins. Þeir hafa þegið fé frá íhaldinu í Reykjavík til að halda úti Alþýðublaðinu og eru þar uppá náð NATO-sinna komnir. Flokkurinn hefur einnig hlotið ófáar miljónir úr sjóðum alþýðusamtakanna í Noregi. Þessi samtök eru mjög NATO-sinnuð og reka öflugan áróður fyrir eflingu NATO á Norðurlöndum. Til þessarar starfsemi nota þau norsku verkalýðshreyfinguna óspart og eru óspör á fjármagn til þessarar starfsemi. Það skildi því engan undra á NATO sinnaðri afstöðu Alþýðuflokksins, á sama tíma og hann fær um 30 miljónir til að halda uppi flokksstarfssemi sinni. NATO hefur klærnar víða og þó tangarhald þess á Alþýðuflokknum sé erfitt að sanna þá eru augljóslega um ákveðna tilhneigingu að ræða. Allar líkur eru á að óbeinn þrýstingur á Alþýðuflokkinn frá NATO ráði miklu um stefnu flokksins, en hann hefur nú um margra ára skeið staðið mjög nærri kollsteypingu. Alþýðubandalagið hefur aftur á móti ekki sjáanlegra efnahagslegra hagsmuna að gæta af veru hersins.

HERSTÖÐVANDSTÆÐINGAR INNAN ÞINGFLOKKANNA.

Það er alveg ljóst að herstöðvaandstæðingar eiga töluvert fylgi innan flestra stjórnmálaflokkanna og jafnvel þeirra sem helst ganga fram í stuðningi við herinn. T.d. eru þeir til innan Sjálfstæðisflokksins. Þetta eru þeir sem af þjóðernissjónarmiðum vilja losna við herinn. Þetta er að vísu lítill hópur, en fer stækkandi eftir því sem það er opinskárra viðurkennt að herinn er hér ekki til að verja Ísland heldur Bandaríkin. Þetta á einnig við um Framsóknarflokkinn og Alþf., en það má búast við að innan þessara flokka komi upp sterkari raddir herstöðvaandstæðinga. Nokkrir forystumenn þessara flokka hafa verið ötulir talsmenn herstöðvaandstæðinga. Þetta hefur aflað þessum flokkum nokkurs fylgis meðal annars að fólk hefur álitið þessa spurningu óuppgerða og því væri óhætt að styðja þessa flokka vegna annara mála.

Alb. hefur aftur á móti verið stærsti herstöðvaandstæðingaflokkurinn. Hann hefur oft notið þess að hafa engan flokk sem gagnrýnir hann frá vinstri þegar hann hefur verið að svíkja málstað herstöðvaandstæðinga fyrir ráðherrastóla. En fylgi sitt á hann mikið að þakka herstöðvaandstæðingum, sem enn trúa því að forystulið flokksins muni gera eitthvað í þessu máli. Það hefur þó sýnt sig að þeim er ekki að treysta í þessu máli. Þeir eru tilbúnir að selja sannfæringuna fyrir bitlinga og embætti fyrir flokksforystuna.

GEGN ALLRI HEIMSVALDASTEFNU.

Baráttan gegn heimsvaldastefnunni tekur ekki aðeins til baráttunnar gegn heimsvaldastefnu Bandaríkjanna. Það eru tvö risaveldi sem berjast um heimsyfirráð, USA og USSR. Gegn báðum þessum risaveldum verður að snúa baráttu okkar hér.

Risaveldin sækjast eftir að styrkja stöðu sína víða um heim og nota til þess efnahagslegar-og hernaðarlegar þvinganir. Fyrir ríki eins og Ísland sem tilheyrir öðrum heiminum er það mjög mikilvægt að losna undan klóm beggja risaveldanna. Andheimsvaldahreyfingin hér verður að snúast gegn heimsvaldastefnu Rússa eins og Bandaríkjanna. Það verður að berjast gegn allri heimsvaldastefnu og báðum risaveldunum. Það má aldrei verða að annað risaveldið geti notað sér andheimsvaldahreyfingu sjálfum sér til framdráttar. Ef slíkt skeður höfum við ekkert færst nær því að tryggja fullan og óskoraðan sjálfákvörðunarrétt þjóðarinnar.

Skýrt dæmi um þetta eru þau ríki Afríku sem veltu af sér heimsvaldastefnu USA en fengu í staðinn heimsvaldastefnu Rússa. Það er algjörlega rangt að treysta á annað risaveldið til að berjast gegn hinu. Slíkt leiðir ekki til sjálfstæðis heldur til áframhaldandi ófreisis oft hálfu verra en fyrr.

Sjálfstæðishreyfing fólksins er eina hreyfingin sem tryggi getur fullt og óskoráð fullveldi þjóðarinnar. Hún verður þá að vera laus við allan stuðning við annað hvort risaveldið. Þetta er stefna marxista-lenínista. KFÍm-l mun standa vörð um þessa stefnu í andheimsvaldasinnuðu baráttunni á Íslandi. Hann er því það afl sem treystandi er til að vinna raunverulega sigra í baráttunni gegn heimsvaldastefnunni

Framhald af baksíðu

sýnd. Dæmi: Kona biður verkstjóra um frí til persónulegra útréttinga. Hún fær það en með þeim ummælum að þá missi hún kauptrygginguna.

Kauptryggingin er engin trygging-hún er verðlaun fyrir vinnusemi - hún þjónar öryggi atvinnurekandans gagnvart óöruggu vinnuafli. Hún er kauptrygging hans en ekki verkakvennanna.

Af hverju skyldi þetta vera svona? Hvers vegna hefur þetta með kauptrygginguna snúist við? Verkalýðsforystan hefur ekki staðið heil í baráttu verkafólksins gegn auðvaldinu. Hún hefur sýnt of mikinn undanslátt við samningagerð. Hún hefur ekki staðið nógu fast á hagsmunum verkafólksins.

En sökin er ekki alfarið verkalýðsforystunnar. Verkamenn verða að gera sér grein fyrir þeim einföldu sannindum að ekkert fæst fyrir ekkert. Það þýðir ekki fyrir hinn almenna félaga í verkalýðsfélögunum að sitja nöldrandi úti í horni. Það er ekki nóg að nokkrir berjist. Það verða allir að standa saman.

Þessum menningardögum hér í Vestmannaeyjum er ætlað að varpa ljósi á störf og menningu þeirra sem vinna við sjávarútveginn, á sjó og landi, efla umræðu og auka skilning manna á milli. Það er því vel við hæfi að hlusta á lýsingu á einum degi í lífi vestmanneyskar verkakonu í dag.

Framhald af síðu 3

ufsann en mig. Verkstjórarnir eru alltaf karlmenn.

Og nú er orðið svo áliðið dags að maður nennir ekki að rökræða. Ufsinn stingur mann í hendurnar, skellirnir þegar verið er að pakka glymja í hausnum á manni. Fólkið á gólfinu rífur kjaft. Eftirlitið er orðið þreytt og viðskotaillt eins og við.

Loks er farið að þrífa. Og heim komumst við að endingu.

Stelpan sem er fjögurra ára kemur á móti mér með reifaða hönd.

- Og mamma, ég fór í bíltúr á sjúkrahúsið af því krakkarnir skelltu hurðinni á mig og læknirinn sagði að ég væri dugleg og konan keyrði mig.

Grannkonan sem hafði hlaupið undir bagga, vann að sjálfsögðu ekki á laugardegi. Hún var kennari og þar að auki í barnaverndarnefnd - hjálpi mér, hvað skyldi hún hugsa um mig. Og bóndinn úti á sjó og öll helgarverkin eftir. Af hverju lætur maður hafa sig í að vinna við svona aðstöðu. Af hverju er aðstaðan svona? Mörgum finnst þó að það sé ekki verst með litlu börnin.

Það sé verra með þau hálfstálpuðu - að vita ekkert um þau allan daginn þegar skóla lýkur. Eftilvill eru þau sofnuð ein í íbúðinni þegar móðirin kemur heim eftir næturvinnutíma.

Hve lengi á þetta brjálaða kerfi að stjórna okkur? Hvenær förum við að stjórna því?

HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

●Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar: sími 27810 og pósthólf 1357 121 R einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð, Lindargötu 15, opið mánud. - föstud. kl. 15:30 - 18:30.

● Hellisandur: Sigfus Almarsson Hellisbraut 10.

● Stykkishólmur: Gisli Hjaltason P. O. Box 63.

● Akureyri Jón Atli Játvarðsson Skarðshlíð 30.

●Neskaupsstaður: Messíana Tomasdottir, Þiljuvöllum 38

●Hornafjörður: Skúlf Waldorff, Bókabúð KASK.

●Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallagötu 40c, Keflavík.

●Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdottir, Reykjavíkurvegi 24.

●Svíþjóð: Kristján L. Guðlaugsson, Kämnärsvägen 11N:220, 222 46 LUND. Hrólfur B. Ágústsson Uppstigen 139-31, 421 80 GÖTEBORG.



Viðtal við Gunnar Andrésson:
Herðum róðurinn

- Kommúnistaflokkurinn fékk 128 atkvæði núna, en KSML fengu 121 '74. Er þetta að standa í stað? Hvað geta atkvæðatölur þýtt fyrir flokkinn?

- Atkvæðatölur í kosningum hafa ekki aðra þýðingu en þá, að þær geta þegar best lætur sýnt stéttarlega meðvitund verkalýðsins á hverjum tíma. Úrslitin nú sýna það sem vitað var fyrir, að stéttarþroski verkafólks er mjög lítill.

Þessi útkoma KFÍ/ML sýnir ekki allt fylgið, sem flokkurinn á, en það er greinilegt að fólk hefur látið glepjast af áróðrinum um dauðu atkvæðin. Verkafólk hefur ekki nægilega mikinn stéttarlegan þroska til að skilja eðli ríkisvaldsins, er heldur að það geti í kosningum unnið einhverja sigra. Verkafólk þarf greinilega meiri og betri reynslu og uppfræðslu til að skilja tilgangsleysi kosninga af þeirri gerð sem við þekkjum. Verkafólk er blekkt til að sætta sig við að ráða engu með kosningaréttinum sem borgaralega ríkið veitir. Það er verkefni okkar kommúnistanna að sýna fram á þetta og sanna það í baráttunni. Við leggjum því ekki svo mikið upp úr úrslitum kosninganna að öðru leyti en því að þær sýna að fylgi okkar er lítið. Fólk ber ennþá traust til borgaralega þingræðisins og engar breytingar hafa orðið þar á frá 1974.

- Við hvaða úrslitum bjuggust menn? Var þetta við búið?

- Ég á ekki von á að nokkur hafi búist við miklum breytingum frá 1974. En margt var okkur óhagstætt, svo að við eðlilegar aðstæður hefði mátt búast við nokkru meira fylgi.

- Var þá rétt að fara út í kosningar núna?

- Það er ekki spurningin um það, hvort það var rétt að fara út í kosningar eða ekki. Við hljótum að reyna að taka eins mikinn þátt og við getum í pólitísku baráttunni. Borgaralegu öflin setja allt sitt áróðurskerfi í gang fyrir kosningar. Okkur kommúnistum ber því að taka þátt í þessari baráttu gegn blekkingaráróðri borgaralegu flokkanna. Við eigum enga aðra möguleika en bjóða fram, ef við eigum að geta snúist sem öflugast gegn þessum áróðri hverju sinni. Þannig fáum við líka að vita hvað kommúnistar eiga mikið traust fylgi. Það er líka nauðsynlegt, ef menn vilja ekki lifa í endalausum skýjaborgum.

- Þar til nú í ársbyrjun hefur flokkurinn staðið í 1 1/2 árs stöðugum klofningi og innbyrðis deilum. Finnst þér



Gunnar Andrésson, rafvirki

úrslit kosninganna benda til þess að flokkurinn hafi minnkað eins og andstæðingar hans halda fram?

- Innri baráttan innan KFÍ/ML hefur veikt afl okkar til að snúast gegn höfuðóvininum, borgarastéttinni. Þetta hefur vissulega áhrif á afl flokksins nú. En KFÍ/ML sýndi í þessari baráttu að hann er staðfastur og öflugur málsvari verkafólks, sem einn tók verkalýðssinnaða afstöðu í kosningabaráttunni.

Það er engin leið að merkja veikleika í fari KFÍ/ML, pólitík flokksins hefur aldrei verið jafn raunsæ og nú.

Reynsla og þekking einkennir KFÍ/ML í dag, það er það mikilvægasta sem við merkjum í fari KFÍ/ML.

- Hvernig er eining flokksins nú? Telur þú hann hæfari en áður til að takast á við vandasöm verkefni?

- Eins og áður hefur komið fram þá tel ég flokkinn hafa afsannað þá spádóma sem úrtölufólkið sífellt bítur í sig. Félagalegar umræður eru aðaleinkenni á allri umræðu. Vegna aukinnar pólitískrar reynslu og dýpri þekkingar er KFÍ/ML færari um að takast á við hin vandasömu verkefni íslensku byltingarinnar. Við erum meðvitaðri um mikilvægi hins þrotlausa starfs sem vinna verður á öllum sviðum. Þetta starf er rétt að hefjast og gífurlega mikið óunnið. Það eru engar líkur til að hér verði nokkrar verulegar breytingar meðan ytra ástand í þjóðfélaginu þrýstir ekki á meiri breytingar. Það skiptir ekki höfuðmáli hversu oft og hvað margar ríkisstjórnir svíkja. Til að verkafólk vinni sigur verður að vinna þrotlaust starf í að uppfræða fjöldann og leiða baráttuna fyrir byltingarsinnaða baráttu.

- Nú lögðum við áherslu á að mikið fylgi væri stuðningur við starf okkar og stefnu í fjöldahreyfingum. Hvaða afleiðingar getur þetta haft fyrir fjöldahreyfingarnar? Færir Alþýðubandalagið sig upp á skaftið með sína hægristefnu?

- Auðvitað skorum við á fólk að fylkja sér um baráttustefnu

Framhald á síðu 4

Viðtal við Sigurð Jón Ólafsson
Um úrslit kosninganna

Þú hefur verið félagi í Dagsbrún undanfarin ár og tekið þátt í virkri andstöðu gegn stéttasamvinnustefnunni þar. Hvað heldurðu að þetta andstöðulið hafi kosið í þessum kosningum?

Við höfum reynt að skipuleggja andstöðulið á sem breiðustum grundvelli, á grundvelli sameiginlegra hagsmuna allra verkamanna. Aðalmarkmið þessa andstöðuliðs er barátta fyrir virkara lýðræði innan félagsins og fyrir raunverulegum átta stunda vinnudegi. Það gefur því auga leið, að í þessu andstöðuliði er fólk með ólík pólitísk sjónarmið; þar er jafnvel að finna menn, sem kjósa borgaraflokkana, t.d. Sjálfstæðisflokkinn.

Þeir eru þó líklega flestir í þessu andstöðuliði, sem gagnrýna Alþýðubandalagið frá vinstri vegna starfshátta þeirra í verkalýðsmálum og taka í því sambandi algjörlega undir okkar sjónarmið. Þessir menn hafa hins vegar ekki kært sig um það að veita okkur stuðning í Alþingiskosningunum vegna þess að þeir vilja styðja okkur í baráttunni innan verkalýðshreyfingarinnar en ekki til að taka þátt í störfum Alþingis. Ég hygg, að ástæðan sé einfaldlega sú, að þeir líta á verkalýðsfélögin sem baráttutæki í hagsmunamálum verkafólks, en ekki háttvirt Alþingi.

Þar að auki stóð spurningin um það að fella þá ríkisstjórn sem staðið hefur fyrir því að skerða launin og ganga freklega á samningsrétt verkalýðshreyfingarinnar. Þar af leiðandi hafa menn ekki viljað kasta atkvæði sínu á glæ með því að kjósa okkur, enda varla átt von á því að við kæmum manni á þing.

Telur þú að mótframboð verði í Dagsbrún á næsta ári?

Ég get aðeins svarað þessu persónulega. Eins og lesendur Stéttabaráttunnar muna sjálfsagt, þá vorum við Benedikt í 2. og 3. sæti framboðslista Kommúnistaflokksins til Alþingiskosninganna. Í kosningaáróðrinum lögðum við mjög mikla áherslu á starfshætti Alþýðubandalagsins innan verkalýðshreyfingarinnar og þá einkum og sér í lagi innan Dagsbrúnar.

Nú er það hins vegar ljóst eftir úrslit kosninganna, að baráttustefna okkar hefur hlotið afar lítið fylgi og Kommúnistaflokkurinn hefur opinberað veikleika sinn. Þess vegna stöndum við nú ver að vígi en áður. Sé hins vegar almennur vilji fyrir því að bjóða fram gegn stjórn Dagsbrúnar næst á svipuðum eða sama grundvelli og síðast munum við að sjálfsögðu ~~ekki~~ taka þátt í því.

Á hvern hátt þarf flokkurinn helst að breyta starfsstíl sínum innan verkalýðshreyfingarinnar?



SIGURÐUR JÓN ÓLAFSSON
iðnverkamaður.

Ég held að vandamálið sé það, að við verðum að hasla okkur enn frekari völl innan verkalýðshreyfingarinnar. Það er eiginlega eingöngu í Dagsbrún, sem okkur hefur tekist að einhverju marki að skipuleggja andstöðulið og hafið baráttu fyrir því að breyta því í virkt baráttutæki. Hvað með stóru verkakvennafélögin eins og Framsókn og Sókn? Þarna er óplægður jarðvegur.

Við verðum að sníða okkur stakk eftir vexti. Aðalstarfsvettvangur kommúnista er og verður verkalýðsfélögin og vinnustaðirnir. Þar eigum við að einbeita kröftum okkar.

Heldurðu að stéttasamvinnumenn í forystu verkalýðshreyfingarinnar telji, að úrslit kosninganna gefi þeim ekki ástæðu til að óttast okkur lengur eða taka tillit til krafna baráttumanna?


Já, nú hafa þeir fengið tromp í hendurnar þar sem er sáralítið fylgi marx-lenínista. Það er hægur vandi fyrir þá að benda á þennan veikleika okkar og ugglaust munu þeir notfæra sér hann, ef við ætluðum okkur t.d. að standa að mótframboði gegn Dagsbrúnarstjórninni á næsta ári.

Þú sagðir í viðtali fyrir kosningar að minna en 7-800 atkv. sýndu aðeins veikleika okkar. Hvað viltu segja um þetta núna?

Já, ég sagði að með því að fá aðeins fáein hundruð atkv. værum við auglýsa veikleika okkar og sé ekki ástæðu til að breyta þeirri skoðun nú.

Ég fæ með engu móti skilið þá skoðun, sem fram kemur í síðustu Stéttabaráttu, að framboðið hafi verið mikill sigur fyrir verkalýðinn - nema þetta hafi átt að vera einhvers konar gálgahúmor.

Ein mikilvægasta niðurstaða, sem við getum dregið af þessari þátttöku okkar í kosningunum er sú, að sameining íslenskra marx-lenínista er algjörlega nauðsynleg, ef takast á að mynda hér pólitískt forystuafl fyrir verkalýðinn. Þessi sundrung hefur haft stórskaðleg áhrif fyrir verkalýðsbaráttuna. Tilgangslítið karp um smáatriði, í stað þess að sameinast um aðalatriðin, gerir að verkum að við hjökkum bara í sama farinu.



SAGA LESIN UPP Á SAMKOMUNNI "MAÐURINN OG HAFIÐ '78"

LAUGARDAGUR Í ÍSHÚSI.

Það er nánast hvíld að setjast upp í rútuna þegar maður hefur verið hlaupandi og kallandi allan matartímann. Leikskóli er auðvitað lokaður um helgar. Í dag verða börnin að gæta hvers annars. Auðvitað hefði ég ekki átt að vinna í dag en kaupið er hæst á helgidögum.

Og brátt erum við hjá dyrum frystihússins. Ekki er hægt að segja að þær laði mann til sín. En hvers á ómenntuð barnakerling völ? Frystihúsið verður hennar athvarf og annað heimili.

Allir stökkva á fætur um leið og rútan staðnæmist og ryðjast til dyra.

-Því lætur fólkið svona spyr einn nýliðinn. Fær það borgað an hálftíma ef það stimplar sig inn fyrir kl. 7.

-Onei segir öldruð kona - það fær borgaðar mínúturnar. Það geta orðið tíu mínútur á viku - þó nokkrar mínútur yfir árið.

Það er verið að vinna ufsa. Það gengur bara sæmilega. En svo kemur verkstjórinn með bónusmiða og borðfélagi minn verður döpur á svip. Ég verð líka döpur, því ég veit vel að það er mér að kenna hve lágar tölur bónusmiðinn okkar sýnir allajafna. Ég vil ekki og get ekki elt bónusinn, en mér er raun að sjá vonbrigði borðfélaga míns.

-Hvernig stendur á þessu? segir hún við verkstjórann - Af hverju fáum við ekki meira

En verkstjórinn hefur enga skýringu.

-Sumar fá aldrei bónus, segir hann.

Við höldum áfram og ég sé að borðfélagi minn flýtir sér. Auðvitað vill hún ekki viðurkenna það. Hún heldur einnig uppi fyrirspurnum. Á kaffi er hún búin að finna borð sem hefur klárað 30 pönnur. En þá glymur hringingin, guði sé lof. Kaffistofur eru miklir dásemdastaðir. Að þessu sinni er mikið málskraf. Það stendur styrr um sunnudagsvinnuna sem var bönnuð í fyrra, en atvinnurekendur vilja koma á aftur.

-Ég vil ekki vinna á sunnudögum, segir önnur 30 pönnu konan - Ég skal rétta upp hönd á móti því á fundi. Ég skal gerast rauðsokka. Ég skal gerast marx-lenínisti. Ég skal.

Það dettur á þögn við borðið. En svo segir einhver. Það er aldeilis að hún segir brandara Og önnur með hægð. Þú þarft ekki að gera allt þetta þó þú réttir upp hönd. Það er ekki svo erfitt.

Jú segir sú með 30 pönnurnar. Það er alveg óskaplega erfitt. Kannski yrði maður einn.

Ekki virtist okkur hinum það líklegt. En hún kom aldrei á fund. Kannski hefur einstæð móðir ekki efni á því að vera róttæk (Kannski hefur hún ekki efni á að vera ekki róttæk).

Svo er kaffitíminn búinn og liðið heldur aftur til vinnu. Sumar taka á sig krók inn á snyrtinguna en ekki nærri allar. Við vitum allar að einn verkstjórinn hefur kallað trúnaðarmann á eintal og spurt hvort henni finndist það nokkuð réttlæti að konurnar lengdu kaffihléið með klósettsetum. Og hugsandi um þetta segi ég við borðfélaga minn.

-Því skyldi ekki kona vera verkstjóri í sal þar sem eingöngu konur vinna? Eftir þess þessu ættum við að stjórna togaralönduninni hjá körlunum.

-Já-Nei, segir hún frekar við

Framhald á síðu 2

Margrét Einarsdottir

Ræða á kosningafundi Kommúnistaflokks Íslands

Góðir félagar.

Jafnrétti til náms er eitt af þeim baráttumálum sem kommúnistar hafa sett á oddinn.

Skólinn og skólakerfið er afsprengi þjóðskipulagsins og vandamál skólanna á rætur sínar að rekja til auðvalds skipulagsins. (Svo lengi sem það verður við lýði verður krafan um jafnrétti til náms ekki að raunveruleika.) Ef verulegar breytingar eiga að verða í skólamálum, verða að eiga sér stað grundvallarbreytingar á þjóðfélaginu. Í lögum um grunnskóla kveður svo á, að hver einstaklingur eigi að fá menntun og fræðslu við sitt hæfi. En þrátt fyrir þessi fögru fyrirheit eru flestir skólar ítroðslustofnanir eins og fyrir 20 árum síðan. Margar nýjar stefnur hafa komið fram í skólamálum en úreltar og afturhaldssamar skoðanir ríkisvalds og margra skólamanna standa í vegi fyrir að aðlaga skólann breyttu þjóðfélagi.

Í dag er skólanum ætlað hið tvíþætta hlutverk að vera bæði uppeldis og fræðslustofnun. Þar sem algengast er að kennarinn sé einn í lokaðri stofu með allt að 30 börn í bekk, er mjög erfitt að sinna þessu tvíþætta hlutverki og verður óhjákvæmilega til þess að aðeins hluti nemenda meðtekur það námsefni sem þeim er ætlað að læra. Við slíkar aðstæður er kennaranum ógjörningur að rækja starf sitt sem uppalandi og því síður að kenna við hæfi hvers einstaklings. Hinn félagslegi veruleiki sem börnin búa við við fyrir utan skólann er mjög mismunandi. Í niðurstöðum rannsóknar sem unnin var af Sigurjóni Björnssyni sálfræðingi og fleirum., kemur í ljós að börn embættismanna standa sig best í skólakerfinu og ná lengst í námi, aftur á móti standa börn verkamanna sig mjög slaklega. Einnig kom í ljós að námsefnið í skólanum höfðaði mest til barna embættismanna og þau fengu mesta hvatningu og aðstoð heima.

Þessar niðurstöður sýna okkur ljóslega fyrir hverja skólakerfið er sniðið, og eru þær í samræmi við niðurstöður úr erlendum rannsóknum um á sama fyrirbrigði. Ástæðurnar fyrir þessum mismunandi árangri í skóla eru fyrst og fremst félagslegar. Verkafólk hefur miklu minni tíma til að sinna uppeldi barna sinna vegna vinnuálags og fjárhagsörðuleika, en embættismenn og ríkisbubbar.

Fyrir fjölda marga nemendur er skólinn kvalarstaður rétt eins og fangelsi, sem þau verða að sitja í og hafa engan rétt til að breyta eða ráða um Þau detta útúr náminu, eru óvirk og fá ekkert að vinna við sitt hæfi.

Sálfræðideildir skóla fá síðan þessa nemendur og reyna að leysa vandamál þeirra með misjöfnum árangri, því að í auðvaldsþjóðfélagi er litið á vandamál fólks sem persónuleg vandamál eða sem vandamál einangraðs hóps eins og fjölskyldunnar í staðinn fyrir að líta á vandamálið í þjóðfélagslegu samhengi. Það er því stefna Kommúnistaflokksins að grunnskólinn verði sniðinn að hagsmunum hinna vinnandi stétta og barna þeirra. Þannig að skólinn sé ekki einangraður frá atvinnulífinu og bæði nemendur, kennarar og foreldrar taki virkan þátt í mótun skólanna.

Til þess að verkafólk hafi tækifæri til að taka þátt í mótun skólans er nauðsynlegt að það geti lifað af 40 stunda vinnuviku.

Í dag eru námslán einhver óhagstæðustu lán sem hægt er að taka. Það gefur auga leið hvaða áhrif það hefur á val nemenda á framhaldsnámi. Efnalitlir námsmenn hugsa sig tvisvar um áður en þeir fara út í langt og kostnaðarsamt nám. Af því leiðir að allt æðra nám kemur til með að verða forréttindi barna auðkýfinga og embættismanna.

Grundvallarforsendan fyrir jafnrétti til náms, er að fólki sé fjárhagslega kleyft að stunda það.

Við krefjumst þess vegna að allir framhaldsskólar hafi sama rétt til námslána, að námslán brúi 100% umfram fjárþörf og að vísitölubinding námslána verði afnumin.

Við berjumst fyrir því að form námsins sé miðað við hagsmuni verkafólks og barna þeirra, að öll framhaldsmenntun sé opnuð fyrir verkafólki og að starfsþjálfun sé metin á við bóklegt nám. En verkmenntun hefur algjörlega verið vanrækt í skólakerfinu fram á þennan dag. Iðnnemar verða að hafa rétt til að móta námið eftir sínum þörfum og brjóta af sér meistarakerfið.

Það er stefna Kommúnistaflokksins að háskólarnir verði opnaðir fyrir fólk sem ekki hefur stúdentspróf og berst fyrir að menntafólk tengist verkafólki og noti þekkingu sína í baráttu verkalýðsins.

Þegar ljóst var fylgishrun íhaldsins í borgarstjórnarkosningunum, álitu grunnhyggnir og vonsviknir Sjálfstæðismenn að nú væru hinir



Margrét Einarsdóttir, kennari

kommúnísku kennarar að hirða uppskeruna af starfi sínu á liðnum árum, sem á að vera fólgið í að ala börn þeirra upp í guðleysi og sósíalisma. En staðreyndin er því miður ekki sú, kennurum er sniðinn svo þröngur stakkur að þeim er óheimilt að koma fram með skoðanir sem eru í andstöðu við ríkjandi þjóðfélag, en það liggur í augum uppi að erfitt er að vera uppalandi og fræðari, ef ekki má taka afstöðu til manna og málefna. Því uppeldi hlýtur að vera í eðli sínu pólitískt.

Hinir grunnhyggnu hægri menn forðast að viðurkenna hinar raunverulegu niðurstöður kosninganna sem eru mótmæli kjósenda við stjórnastefnu ríkisstjórnarinnar, sem sífellt reynir að velta byrðum efnahagsörðugleikanna yfir á herðar alþýðunnar.

Svo lengi sem ekki verður hróflað við auðvaldskerfinu og einkaeigninni er engra raunverulegra breytinga að vænta, hvort sem hægri eða vinstri menn eru í stjórn.

Viðtal við Rakel H.Pétursdóttur:

Kosningarnar breyta engu

-Hvað finnst þér um úrslit kosninganna?

-Það er augljóst að stjórnarflokkarnir gullu mikið afhroð vegna árása sinna undanfarið að stjórnarflokkarnir gullu mikið afhroð vegna árása sinna á kjör og samningsrétt verkalýðshreyfingarinnar. Það er auðvitað rétt að það komi fram að við þessu var að búast. Þessir flokkar þjóna einungis hagsmunum atvinnurekenda og braskara, og lausn þeirra er og verður sú að lækka laun verkalýðsins og reyna að ráðast á verkfallsréttinn og önnur lýðréttindi. Það breytist aldrei í því þjóðfélagi sem við lifum í dag.-

-Nú unnu hinir svokölluðu verkalýðsflokkar mikinn sigur og líklegt er að þeir muni fara í stjórn næst. Telur þú að það muni breyta einhverju fyrir verkafólk?

-Nei alveg örugglega ekki, því við höfum áratuga reynslu fyrir því að þegar á reynir þá svíkja þessir flokkar alltaf, lausnir þeirra reynast ávallt vera þær sömu og Sjálfstæðis- og Framsóknarflokksins. Nærtækasta dæmið er, að fyrir kosningarnar þá öskruðu þeir í kór: Samningana í gildi. En strax eftir borgar og sveita stjórnarkosningarnar var ljóst að þeir myndu svíkja. Þessar áfanga hækkanir eru hreint og beint hlægilegar, í því verðbólgubáli sem hér ríkir.

-Úr því þú telur að "verkalýðsflokkarnir" svíki hvað er þá til ráða?

-Ég er þeirrar skoðunar að baráttan fyrir bættum kjörum og réttlátu þjóðfélagi, fari ekki fram innan sala Alþingis. Baráttan fer fyrst og fremst fram á vinnustöðunum og innan verkalýðshreyfingarinnar. En eins og ástandið er í dag á þeim vígstöðum er ekki við mikilli baráttu að búast. Forysta ASÍ BSRB og Verkamannasambandsins reynir allt sem hún getur til að koma í veg fyrir nokkra baráttu, henni hefur verið mútað af atvinnurekendum og Ríkisvaldinu. Þessir menn gegna orðið óteljandi launuðum embættum í þjóðfélaginu, og hafa þar af leiðandi hvorki tíma né áhuga á því að ganga erinda okkar. Verkafólk verður að taka virkari þátt í störfum verkalýðsfélaganna, og kjósa sér til forystu menn sem hafa sýnt það og sannað að þeir eiga enga aðra hagsmuni, en hagsmuni verkalýðsstéttarinnar.

-Er þá til eitthvað afl í dag sem getur tekið að sér það hlutverk að leiða baráttu verkalýðsins gegn uppkeyptu forystunni, og auknu lýðræði innan verkalýðsfélaganna.

-Ég held að það afl sé ekki til í dag sem slíkt, hins vegar tel ég að Kommúnistaflokkur Íslands m-l sé eini flokkurinn í dag, sem gæti orðið þetta afl. Á þeim stutta tíma sem hann hefur starfað (u.þ.b. 2 ár) hefur hann sýnt í starfi sínu innan bæði verkalýðsfélaganna og annarra fjöldahreyfinga að hann hefur enga aðra hagsmuni en baráttuna fyrir bættum kjörum verkafólks og sósíalísku þjóðfélagi.



Rakel H. Pétursdóttir, verkakona

-Nú býrð þú í Stykkishólmi og hefur tekið töluverðan þátt í starfssemi verkalýðsfélagsins, hvernig er ástandið þar?

- Sama deyfðin. Sama sinnuleysið. Forysta félagsins hér í Stykkishólmi er mjög slöpp og lítið gert til að reyna að vekja upp virka þátttöku verkafólksins. Formaður félagsins er einn af þeim sem telja að þeir sem hafi nokkrum krónum meira á tímann en þeir lægstlaunuðustu, séu höfuðóvinirnir. Þessi afstaða er auðvitað kolröng, og einungis til þess að splundra einingu verkalýðsins.

Viðtal við Gunnar Andrésson:

Herðum róðurinn

Framhald af síðu 3

en við eigum örugglega meiri stuðning í einstökum baráttumálum en úrslitin sýna. Ég á ekki von á að Alþýðubandalagið eigi nokkra von á að auka styrk sinn innan fjöldahreyfinganna. Þeir færast nú æ lengra frá sósíalískum sjónarmiðum og eiga því æ minni möguleika á að leiða baráttusamtök.

Þeir munu í auknum mæli snúast gegn baráttusinnum og munu því eiga í vök að verjast í auknum mæli. Kosningarnar voru aðeins orusta, allt starfið milli þeirra er miklu mun mikilvægara. Alþýðubandalagið er tvímælalaust á undanhaldi hvað varðar pólitíska baráttustefnu í verkalýðsfélögum og öðrum fjöldahreyfingum. Kommúnistar mega því í engu láta deigan síga. Þeir verða að skilja rétt frá röngu og aðalatriðin frá aukaatriðum. Þeir verða að hafna þeirri kenningu að alþingiskosningar séu öll stéttabaráttan. Slíkt er borgaraleg kenning og leiðir aðeins til mistaka og taps fyrir verkalýðinn. Aðalatriðið er að kjósa baráttuna en hafna undanslættinum og leið umbótanna.

- Kosningaþátttakan krafðist mikils starfs, var það ekki lærdómsríkt?

- Það hefur komið fram áður að þetta er mjög lærdómsríkt og kannski er mesti lærdómurinn sá að við höfum þjálfast á nýjum sviðum baráttunnar. Vonandi hefur verkafólk einnig fengið meiri þekkingu á sjónarmiðum kommúnista og það er raunar aðalatriðið. Við verðum að vera óþreytandi að kynna byltingarsinnuð sjónarmið verkalýðsins hvenær sem tækifæri er til. Árangurinn er kannski ekki svo mjög sýnilegur einmitt nú en hann mun óhjákvæmilega uppskerast fyrr eða síðar. Sennilega er þetta merkasti lærdómurinn af kosningunum. Allir aðrir flokkar eru í raun dæmdir til að líða undir lok því þeir eru fulltrúar fyrir þjóðfélagshætti sem óhjákvæmilega munu líða undir lok.

- Fyrstu viðbrögð flokksins voru HERÐUM BARÁTTUNA. Hver eru næstu verkefni flokksins?

- Þetta eru bæði fyrstu og síðustu viðbrögð flokksins. Við verðum að herða baráttuna, því nú eru allar líkur á að kommúnisminn eigi eftir að sækja mikið á á komandi árum. Stéttasamvinna og borgaraleg stefna mun óhjákvæmilega stefna niður á við um leið og það þjóðfélagskerfi sem hún er sprottin upp úr. Næstu verkefni flokksins eru að efla starfið í fjöldahreyfingum sem mest hann má og virkja verkafólk í baráttunni.

Sellur og sjálfsgagnrýni

Dufþakur

Mánudaginn 3. júlí hóf Hjörtur Pálsson lestur nýrrar kvöldsögu, sem hlotið hefur hið einstæða nafn Sellur og sjálfsgagnrýni og læknishúsið á Bakkanum. Eru þetta greinar úr óprentaðri minningabók Gunnars Benediktssonar.

Það ætti að vera óþarfi að kynna sérstaklega svo landsþekktan rithöfund sem Gunnar Benediktsson er. Gunnar stendur nú á hálfníræðu og hefur verið með afkastamestu rithöfundum á Íslandi. Og enn er hann að skrifa. Sína fyrstu bók gaf hann út árið 1914, en eftir hann liggja m.a. skáldsögur, leikrit, ritgerðarsöfn, auk þess sem hann hefur gefið út fjölmarga af sínum fyrirlestrum.

Gunnar var félagi í Kommúnistaflokknum gamla og síðar Sósíalistaflokknum og var mjög virkur í pólitísku starfi. Hann átti m.a. sæti í framkvæmdanefnd miðstjórnar Kommúnistaflokksins og þá sem fulltrúi bændanefndarinnar.


Þegar Gunnar Benediktsson var áttræður skrifaði Brynjólfur Bjarnason, sem var formaður gamla Kommúnistaflokksins, um hann á þessa leið í Þjóðviljanum frá 8. sept. '72:

"Starfsdagur Gunnars er nú orðinn ærið langur. Allt líf hans hefur svo sannarlega verið einn óslitinn starfsdagur og enn er honum ekki lokið, enn er hann í fullu starfi. Og starfsmaður er Gunnar með afbrigðum. Mætti ég nefna eitt dæmi, sem lýsir honum vel í þessu efni. Einu sinni sem oftar heimsótti ég þau hjónin í Hveragerði í björtu veðri. Mig langaði til að njóta veðurblíðunnar og ganga svolítinn spöl yfir ána og inn með henni og var Valdís kona hans þess mjög hvetjandi, enda hefðu þau hjónin aldrei gengið þessa leið, að minnsta kosti ekki síðasta árið. "Ég hef aldrei átt þangað erindi", segir Gunnar, "og ég kann ekki við að ganga erindisleysu." En nú vissi ég að Gunnar var mikill göngugarpur og hörkuduglegur ferðamaður. Áður fyrr tók hann oft að sér erindrekstur fyrir Kommúnistaflokkinn með tvær hendur tómar og harla létta pyngju, svo að ekki voru fararefni til annarra reiðskjóta en postulanna. Gekk hann þá stundum yfir langa heiðarvegi í misjöfnu veðri á öllum árstímum. En þá átti hann sannarlega erindi. Og þá var ekki verið að telja eftir sér sporin. Hann hefur aldrei talið neitt eftir sér, aldrei sparað neitt til og aldrei hikað minnstu vitund hversu svart sem var í álinn, ef hann taldi sig geta orðið góðum málstað að liði."

Þannig vill svo til, að í upphafi áðurnefndrar óprentaðrar bókar er Gunnar einmitt að segja frá einum slíkum erindrekstri á vegum flokksins. Fjallar hann þar m.a. um fund, sem hann átti með deild flokksins á Eyrarbakka, en starfsemi hennar hafði verið í kaldakoli um nokkurt skeið. Þetta var árið 1932 og þá voru miklar deilur innan Kommúnistaflokksins um afstöðuna til sósíaldemókratísins.

Það verður án efa fróðlegt að fylgjast með gangi mála í þessari nýju kvöldsögu útvarpsins og síðast en ekki síst er öllum, sem vilja kynna sér sögu þessa fyrrum forystuafls íslenskrar alþýðu og verkalýðsbaráttunnar á fjórða áratugnum, ráðlagt að tryggja sér eintak af endurminningabók Gunnar við fyrsta tækifæri.

Um dagskrána:
Maðurinn og hafið '78



Siglt með Herjólfi

Um síðustu helgi voru haldnir menningardagar í Vestmannaeyjum. Báru þeir heitið "Maðurinn og hafið 78" og voru kenndir við sjómenn og fiskvinnslufólk. Aðstandendur þessa framtaks voru Menningar- og fræðslusamband alþýðu og svo verkalýðsfélögin í Eyjum. Samvinna var við hliðstæð sambönd á Norðurlöndunum, en þaðan komu um 50-60 manns.

Margt var um að vera, svo margt að við útsendarar Stéttabaráttunnar gátum ekki gert skil öllu saman. En það er þó rétt að nefna það helsta sem var á dagskrá. Þarna var haldin ráðstefna um "Réttinn til vinnu, réttinn til menningarlífs, - gegn atvinnuleysi". Eins og menn sjá er þetta mikið efni, en tíminn var naumur. Ráðstefnuna sátu auk Íslendinganna fulltrúar frá Norðurlöndunum. Eftir ráðstefnuna gafst okkur tækifæri til að ræða stuttlega við nokkra þá sem sátu hana. Bar þeim saman um að hún hefði verið jákvæð, aukin þekking á vandamálum félaga okkar á Norðurlöndunum væri alltaf til góðs. Sögðu þeir að þarna hefði verið lögð áhersla á að draga það fram hve mikið sjómenn og fiskvinnslufólk skapa þjóðinni, að þessir hópar standa undir þjóðarbúinu. En ekki var á fólkinu að heyra að það hefði höndlað neinn Stórasannleik. Niðurstöður ráðstefnunnar liggja enn ekki fullunnar fyrir, þannig að við verðum að reyna að skýra betur frá henni eftir sumarfrí Stéttabaráttunnar.

Af menningunni er það að segja að sönghópar fóru á vinnustaðina og fluttu efni af dagskránni. M.a. var flutt efni Stellu Hauksdóttur, verkakonu í Eyjum. Það voru lög og ljóð sem lýsa lífi verkafólks og flutti hún þau sjálf ásamt Hjördísi Bergsdóttur. Nafnlausi sönghópurinn og sönghópur Alþýðuleikhússins fóru einnig á vinnustaðina með sína dagskrá. Af öðru efni má nefna leiksýninguna "Kvæðið um kópakonuna" sem leikflokkurinn Gríma frá Færeyjum flutti. Myndlistar ljósmynda- og sýningin "Verkmenntun voru opnar alla dagana auk sýningar á verkum skólabarna. Sérstök sýning var á vegum Listasafns ASÍ. Frumflutt var tónverkið "Dufþekja" eftir Sigursvein D. Kristinsson við ljóð Jóns Rafnssonar, sem var vel við hæfi. Einnig voru 2 íslenskar kvikmyndir um sjávarútveg frumsýndar. Að auki voru útidagskrár, þar sem mönnum gafst tækifæri til að kynnast Eyjunum.

Verkakonur úr Snót fluttu þarna alveg sérstaklega góða dagskrá um kjör og baráttu verkakvenna hér áður fyrr. Dagskráin var hliðstæð þeirri sem Rauðsokkahreyfingin flutti á 8. mars, en meira var af efni um sögu baráttunnar í Eyjum. Var dagskráin mjög fróðleg og hressilega flutt. Annarsstaðar í blaðinu birtum við hluta úr henni og ef til vill meira síðar. Sömuleiðis mun birtast í næsta blaði viðtal við nokkrar þær konur sem unnu að dagskránni.

Þessi grein er skrifuð á 11. stundu, rétt áður en blaðið fer í prentun. Því verðum við að geyma nánari frásögn og myndir af þessum ágæta viðburði þar til eftir sumarfríið, þ.e. um það bil 1/2 mánuð. Að endingu viljum við útsendarar Stéttabaráttunnar þakka öllum þeim sem við hittum í Eyjum góða viðkynningu og frábærar móttökur.

Þarna komu hópar víðsvegar að frá landinu, bæði frá verkalýðsfélögum og vinnustöðum.

Eftirþankar

Framhald af baksíðu

únistaflokksins? NEI. Vegna þess að áróður hinna svokölluðu verkalýðsflokka Alþýðuflokks og þá sérstaklega Alþýðubandalagsins, beindist nær allur að því að telja fólki trú um að með því að kjósa K-listann og önnur minni framboð, þá væri atkv. kastað á glæ. Það væri dautt.

Þessi móðursýkislegi áróður hefur greinilega náð tilgangi sínum. Þegar betur er að gáð þá kemur í ljós að mikil óánægja er með efstu menn G-listanns í Rvík. Því útstrikanir á þá voru mjög margar. Sérstaklega þá pr. Ólaf R. Grímsson og Guðmund J Guðmundsson. Ólafur R er mjög óvinsæll meðal verkamanna innan Alþýðubandalagsins hvar sem er á landinu. Þeir eiga bágt með að skilja og hver ljáir þeim það; að maður sem fyrir 4-5 árum var í Framsóknar flokknum, síðan í framboði fyrir Frjalslynda 1974, skuli í dag vera form. framkvæmdanefndar Alþýðubandalagsins með meiru. Hvar eru grundvallaratriðin í flokki sem gefur sig út fyrir að vera sósíaliskan, að velja menn eftir stéttarlegri stöðu þeirra, eftir þeim þætti sem þeir hafa átt í að berjast fyrir sósíalismann. Ef það þarf ekki lengri tíma en 2-3 ár að sannreyna það, og með tilliti til þess vinguls háttar sem hann hefur sýnt í gegnum árin, það eina sem hann hefur til brunns að bera er að vera froðusnakkur. Kannski var hann kosningabomba Sjálfstæðismanna eins og fram kom í Vísi þann 27/6 sl. Hann hafi hreinlega fælt menn frá því að kjósa Alþýðub því hann var óneitanlega í baráttusætinu.

Um óvinsældir manna eins og GuðmundarJ og Ebba er það að segja, að þeir hafa stundað mjög ólýðræðisleg vinnubrögð innan Dagsbrúnar, sem og annarsstaðar. Margt væri hægt að telja fram því til sönnunnar en fátt eitt skal nefna nú. Halda átti aðalfund félagsins fyrir 15 feb. sl. en var hann ekki haldinn fyrr en á sunnudaginn var. Dagsbrúnarmenn eiga sér (eða áttu) blað sem heitir (hét) Dagsbrún Á félagsfundi sem haldinn var fyrir u.þ.b. 2 árum var stjórnin krafinn skýringa á því hvers vegna blaðið hefði ekki komið út í óratíma. Var einnig bent á að nú væri réttast að kjósa rítnefnd á þessum fundi. Menn sem bæði hefðu áhuga og tíma. Reis þá upp Jakinn sjálfur og sagði að ritnefndin væri til, og hana skipuðu m.a. hann sjálfur Halldór Björnsson allt menn sem hafa sagst vera í vinnu á kafi upp fyrir haus. Síðan þessi fundur var haldinn hafa komið út 2-3 tbl, sem innihalda ekkert annað en greinar fullar af tölum, ásamt barlómnum og undansláttarstefnu forystunnar. Ekkert reynt að fá alm. félagsmenn til að skrifa í blaðið, ekkert reynt að fara á vinnustaðina og kynnast viðhorfum verka fólksins, um aðbúnaðinn á vinnustöðunum, kjarabaráttuna, eða þá pólitísku. Þetta eru starfsaðferðir forystunnar: gera ekkert og reyna að draga úr baráttunni. ÞAÐ MÁ Á ÖLLU SJÁ HVERRA ERINDA ÞEIR GANGA INNAN VERKALÝÐSHREYFINGARINNAR. AUÐVALDSINS OG RÍKISVALDS ÞESS.

Úrslit þessara kosninga og ekki síður þeirrar baráttu sem marx-lenínistar heyja, á vinnustöðunum í verkalýðsfélögunum í samtökum herstöðvaandsstæðinga og reyndar næstum hvar sem er, sýna okkur nauðsyn þess að ísl. marxistar-lenínistar sameinist í einn sterkan flokk. Þær deilur sem eiga sér stað milli þessara samtaka, eru í raun mun minni en gert er úr. Það hlýtur að vera krafa verkalýðsstéttarinnar að sameining eigi sér stað.

Kommúnistaflokkurinn er brjóstvörn verkalýðshreyfingarinnar sagði fél. Stalín á sínum tíma. En sú brjóstvörn sem ísl. verkalýð er ætluð kemur til með að vera æði götótt á meðan sundrungin ríkir.



Áð í Straumsvíkurgöngu herstöðvaandstæðinga 1977


Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!
Stéttabaráttan

Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
28. tbl. 7. árg. 4.7. 1978

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður
Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Óðinsgötu 17
101 R

Maðurinn og hafið '78



Verkakonur í Snót ákváðu að leggja fram sinn skerf til menningardaga verkalýðshreyfingarinnar í Eyjum. Í samvinnu við þær Dagnýju Kristjánsdóttur og Hjördísi Bergsdóttur smíðuðu þær dagskrá sem samanstóð af margvíslegum fróðleik um kjör og baráttu verkakvenna og hressum söngvum. Dagskráin spannaði allt frá fyrstu skrefum verkakvennanna til stofnunar fyrsta félagsins Hvatar, til baráttunnar sem þarf að heyja í dag.

Flutningurinn tókst í alla staði vel og vakti án efa marga til umhugsunar. Hér birtist hluti úr dagskránni. Við gefum verkakonunum úr Eyjum orðið:

Atvinnulífið í sjávarþorpi eins og Vestmannaeyjum hefur alla tíð byggst upp á sjávarútvegi. Og eins og allir vita eru fiskveiðar í dag oft stopular bæði vegna veðurs og þeirrar rányrkju sem átt hefur sér stað við strendur Íslands. Vinnsla aflans fer öll fram í frystihúsunum þar sem hráefnið er unnið til útflutnings.

Rekstur frystihúsanna er í höndum fárra manna sem reka þau á grundvelli auðvaldsþjóðfélagsins sem við lifum í. Þessu þjóðfélagi er ekki stjórnað með félagslegar hugsjónir að leiðarljósi. Það stjórnast af gegndarlausri sókn til gróða. Skipulagsleysið sem af því leiðir hefur tilhneigingu til þess að geta af sér samdráttar-og kreppuástand. Afleiðingum þessa er að sjálfsögðu velt yfir á herðar verkalýðsins með kjaraskerðingum, atvinnuleysi eða öðru því sem kallað er efnahagsráðsstafanir í þágu þjóðarbúsins.

Flestir muna eftir einhverjum fjöldauppsögnum í frystihúsum, svo sem uppsögnunum á S-Vesturlandi s.l. haust. Stærsti hluti þeirra sem vinna í frystihúsum eru konur sem eiga börn og heimili. Þær gegna hlutverki varavinnuaflssem best kemur í ljós í fiskiðnaðinum. Þannig skilgreinum við stöðu kvenna í fiskiðnaðinum á Íslandi í dag.

Tilraun hefur verið gerð til að leysa vandamál varavinnuaflsins -þ.e. okkar-með því að koma á hinni svonefndu kauptryggingu. En skyldi það vera lausn á vandamalinu ? Og hvernig skyldi verkalýðshreyfingin hafa haldið á spilunum í þeim efnum? Lítum nánar á það:

Kauptryggingin er ekki eitthvað sem verkakona öðlast sem sjálfsögð réttindi svo sem orlof og/eða veikindafrí. Þvert á móti eru þetta verðlaun atvinnurekendans til þeirra sem nýta vinnutíma sinn algerlega - hverja mínútu. Ef kona kemur til dæmis 5-10 mín of seint-af hverjum orsökum-segjum heimilisástæðum, þá getur hún misst allan sinn rétt til kauptryggingar þá vikuna.

Þannig refsar atvinnrekandinn fyrir slór við framleiðsluna. Þar er engin miskunn

Framhald á síðu 2



Sönghópur Alþýðuleikhússins

Eftirþankar

Nú er nýlokið kosningum til alþingis og unnu stjórnarandstöðu flokkarnir mikinn sigur Þó var það einkum Alþýðuflokkurinn sem vann stærsta sigurinn. Hann hafði aðeins 5 þingmenn áður, en fékk nú 14, sem þyðir næstum þrefalda aukningu. Alþýðubandalagið vann einnig töluvert á ef miðað er við úrslitin 1974, en fylgi þeirra minnkaði frá 28. maí sl. Samtök Frjálslyndra og vinstrimanna voru þeir einu af stjórnarandstöðuliðinu sem urðu fyrir áfalli. Tveggja manna þingflokkur þeirra þurkaðist út því að þeir eiga flestir sameiginlegra hagsmuna að gæta með verkalýðnum. Sú staðreynd að SÍS auðvaldið, er sama liðið og hefur töglin og höldin innan Framsóknarflokksins afhjúpar hið erki afturhaldssama eðli flokksins í dag. Sjálfstæðisflokkurinn tapaði einnig mjög miklu fylgi, þrátt fyrir örlitla aukningu frá bæjar og sveitarstjórnakosningunum. Sjálfstæðisflokkurinn virðist vera að klofna í margar minni klíkur, sem ekki geta unað stjórn Geirs og félaga.

Niðurstöður þessara kosninga eru vafalítið þau athyglisverðustu sl. 30. ár.



Jósef Stalín

Hið óháða framboð Karvels Pálmasonar á vestfjörðum varð þess valdandi, því hefði hann verið með þeim áfram hefðu Samtökin fengið að minnsta kosti 2 menn, eins og seinast.

Afhroð stjórnarflokkanna er mjög mikið. Framsóknarflokkurinn tapar 5 þingmönnum af 17 og eru nú minnsti flokkurinn á þingi. (Það er af sem áður var) Þetta afhroð Framsóknar á sér margar orsakir, t.d. að margir af helstu forystumönnum flokksins hafa legið undir grun fyrir alls konar svindl og spillingu. Þessi gamli bændaflokkur er einnig óðum að missa fylgi sitt í sveitunum, því bændurnir eru farnir æ betur að gera sér grein fyrir

Við skulum reyna að leggja niður fyrir okkur hverjir séu líklegir til stjórnarsamstarfs og hverjir ekki. Framsóknarflokkurinn hefur lýst því yfir að stjórnarsamstarf komi ekki til greina (það er skiljanlegt því þá er hætt við því að þeir myndu nær strokast út í næstu kosningum.) Hins vegar hefur forysta flokksins lýst því yfir að vel komi til greina að styðja minnihlutastjórn Alþýðuflokks og Alþýðubandalags, með því að vera hlutlausir við atkvæðagreiðslur á Alþingi. Einnig kæmi til greina samstarf Sjálfstæðisflokks Alþýðuflokks og Alþýðubandalags-Sjálfstæðisflokks Alþýðuflokks eða Sjálfstæðisflokks og Alþýðubandalags.

Telja verður ólíklegt að kratar þori í stjórn með íhaldinu, því þeir eru minnugir þess afhroðs sem þeir gullu eftir Viðreisnarstjórnina Það verður líka að hafa í huga að innan þingflokks kratanna eru komnar nýjar stjörnur, ný glansnúmer kjaftaskar eins og Vilmundur Eiður, Árni og fl. Þessir menn hafa fyrst og fremst komist á þing því þeir hafa hakkað í sig stjórnarflokkanna fyr ir allskonar tegundir af Kröfluævintýrum, og gefið út stórar yfirlýsingar um hitt og þetta sem þeir ætla að breyta.

Og þar sem þeir eru enn ekki farnir að hita á sér afturendann í sölum Alþingis, þá væri það óviturlegt að skapa aðra Viðreisnarstjórn, því þá myndi fylgið hrynja af þeim eins fljótt og það kom.

Ekki ætla ég að spá um hvaða samkrull borgaraflokkanna og hinna svokölluðu verkalýðsflokka verður að ræða. Verkafólki má í raun einu gilda hvernig það verður því það er samirassinnundir þeim öllum , eini munurinn er að þeir skreyta hann með hinum og þessum litum. (bláum, grænum, nábleikum og bleikum.)

Varðandi framboð S-listans er það greinilegt að hægrisinnaðasti hluti Sjálfstæðisflokksins hefur að mestu látið það ógert að kjósa hann núna. En stéttabaráttan fer harðnandi og þá koma fasistarnir sjálfsagt til með að styðja álika framboð og framboð S og V-listans voru.

Tilefni þessarar greinar var ekki að velta sér upp úr slagsmálum þessara borgaralegu framboða innbyrðis, heldur að fjalla lítilega um framboð K-listans, lista Kommúnistaflokks Íslands m-l Eins og fram kom við úrslit kosninganna fékk hann aðeins 128 atkv. eða 7 atkv meira en 1974. Sem stuðningsmanni kommúnistaflokksins hlýtur þetta að vera áfall, og ekki síður fyrir flokkinn sjálfan En segja þessar tölur okkur nokkuð um raunverulegt fylgi marxista - lenínista og Komm

Framhald á síðu 5

Leiðrétting

Þau leiðu mistök urðu í síðasta blaði að uppsetningarhóp tókst að staðsetja Öskjuhlíð í Líbanon með því að birta mynd frá Hlíðinni með greininni "Hryðjuverk Ísraelshers" og segja hana sýna "rústir þorps eftir sprengjuárásir Ísraelsmanna". Það er ekki ætlun blaðsins að kenna Ísraelsmönnum um landslagið í Öskjuhlíðinni en hér undir er mynd sem hæfir betur myndtextanum í blaðinu.



Fjölbýlishús í Suður-Beirut eftir loftárásir síonista 1973

Sumarfrí Stéttabaráttunnar

Lesandi góður.

Nú fer Stéttabaráttan í sitt árlega sumarfrí sem hér segir:

Þetta mun verða seinasta tölublað fyrir frí. Sumarfríið mun standa til 15. ágúst, með þeim undantekningum að eitt tölublað mun koma út fyrir Verslunarmannahelgina. Ritnefndin hefur sett sér það verkefni að skipuleggja Stéttabaráttuna, það sem eftir er ársins. Vonandi mun það hafa í för með sér markvissara og betra blað.

Með Kveðju Ritnefnd.